

## Svar

### umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra við fyrirspurn frá Sigurði Páli Jónssyni um skilgreiningu auðlinda.

1. *Hvenær telur ráðherra að frumvarp til laga um skilgreiningu auðlinda sem samþykkt var að leggja ætti fyrir Alþingi á 150. löggjafarþingi samkvæmt ályktun Alþingis frá 20. júní 2019, nr. 43/149, verði tilbúið og lagt fyrir þingið?*

Ráðherra leggur áherslu á að þegar liggja fyrir skýr vilji löggjafarvaldsins um framlagningu frumvarps þá beri framkvæmdarvaldinu að fara eftir þeim vilja. Að því sögðu hefur ráðuneytið hafið vinnu við skilgreiningar á náttúruauðlindum landsins til að auka skilning á eðli þeirra og umfangi. Vinnan er hins vegar ekki komin á þann stað að tímabært sé að leggja fram frumvarp á Alþingi. Mikilvægt er að ljúka þeirri undirbúningsvinnu sem fyrst, m.a. þannig að markmiðum með framlagningu frumvarpsins verði betur náð eins og fram kemur í greinargerð með þeirri þingsályktunartillögu sem Alþingi samþykkti. Til greina kemur að vinna svokallaða Grænbók með tillögum að skilgreiningu auðlinda sem myndi þá fara í opið samráðsferli. Í kjölfarið á því ferli myndi frumvarp um skilgreiningu auðlinda vera unnið og lagt fram á Alþingi. Ekki liggur fyrir nákvæmari tímasetning um hvenær frumvarpið verður tilbúið en horft er til haustsins 2024 í því samhengi.

2. *Hvenær hóf ráðuneytið vinnu við undirbúning frumvarpsins, hvað hefur verið gert og hver er staða málsins?*

Vísað er til svars við 1. tölul.